

Alþingi
Erindi nr. P 127/2121
komudagur 10.5.2002



YFIRDÝRALÆKNIR

Sölvhólsgrata 7, 150 Reykjavík
Sími: 560 9750, bréfasími: 552 1160
grænt númer 800 6800
kt 660169-5399

Alþingi, Landbúnaðarnefnd
Einar Farestveit, nefndaritari
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. maí 2002
Tilvísun: YDL02050016/110
HR/--

Yfirdýralækni hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkýrinnar. Það er álit yfirdýralæknis að það beri að sjá til þess að tryggt verði að hið íslenska kúakyn verði verndað um ókomna framtíð.

Yfirdýralæknir telur hins vegar að greinargerð sem fylgir tillögunni sé ekki nægilega vönduð og óskar eftir fundi með þeim alþingismönnum sem standa að tillögunni, til að ræða betur efni greinargerðarinnar.

Meðfylgjandi er til fróðleiks nýleg grein sem birtist í hinu virta og ritrýnda breska vísindarití - Veterinary Record - þar sem fjallað er um áhættuna af flutningi kúariðu með fósturvísu. Niðurstaða umfangsmikilla tilrauna í mörg ár hafa sýnt að það er afar ólíklegt að kúariða geti borist með fósturvísu, jafnvel þó að foreldrarnir séu langt leiddir af sjúkdóminum.

Virðingarfyllst,

Halldór Runólfsson
yfirdýralæknir